

Þingskjal 228 -Stofnun úthlutunarsjóðs

Umsögn um tillögu til þingsályktunar,

dags 26.04.2021

Efni þessarar tillögu getur hæglega fallið inn undir þingskjal 263 um stofnun starfshóps, sem ætlað er að gera úttekt á stöðu skipaverndar á Íslandi.

Ég fagna tilkomu þessarar þingsályktunartillögu. Ég hef einmitt síðustu tvö ár verið talsmaður þess á vetvangi þeirra félagssamtaka sem nú eru starfandi, að hér verði stofnaður úthlutunarsjóður, líkt og á hinum norðurlöndunum.

Þess má geta að fyrir upp 3 árum átti ég afar upplýsandi fund með Egon Hansen, stjórnarmanni til fjölda ára hjá Skibsbevaringsfonden í Danmörku, með það einmitt að leiðarljósi, að afla upplýsinga sem geta nýst okkur Íslendingum þegar við stofnum slíkan sjóð. Ég tel að við getum nýtt okkur að miklu leiti starfsreglur þeirra, sem ég hef nú þegar snúið yfir á íslensku og lagað að íslenskum aðstæðum.

Eigendur skipa og báta á Íslandi, sem falla undir ákvæði í lögum 80/2012 um aldur skipa, hafa hingað til átt í mestu erfiðleikum með að afla styrkja til að sinna nauðsynlegum endurbótum. Með stofnun þessa sjóðs skýrast þau mál og allir fá jafnan rétt til að sækja um styrki.

Ég tel óeðlilegt að alþingi eigi að fjalla um hvaða skip og bátar eigi að hljóta styrk, nema í sérstökum undantekningartilfellum. Slíkar ákvarðanir eiga að vera í höndum til þess valins hóps þekkingarfólks (þá sjórnar sjóðsins) sem tekur mið af varðveislugildi, ástandi og fleiri þáttum. Þessi nýja úthlutunarleið gæti tryggt að litlu bátarnir fái stuðning og ekki einungis stærstu skipin, eins og verið hefur fram að þessu.

Þetta skref yrði gott skref í þá átt að færa skipaverndarmálin á Íslandi nær því sem gerist í samanburðarlöndunum Danmörku, Noregi, Svíþjóð og víðar. Í þeim löndum hefur slíkt kerfi, sem samanstendur af landssamtökum og úthlutunarsjóðum verið komið á fót þegar á níunda áratugnum (DK og NO).

Ég styð það sem nefnt er í meðfylgjandi greinargerð með tillögunni, um að einsýnt sé að sjóðurinn starfi í nánú sambandi við söfn sem varða málaflokkinn. Það skal hins vegar tekið fram að fjölmargir bátanna eru í einkaeigu og söfnin hafa jafnvel séð sig tilneydd til að láta frá sér báta til ýmissra aðila, vegna bágra kjara safnanna. Mikilvægt er því að úthlutunarsjóðurinn sé einnig í nánú samstarfi við samtök bátaeigenda sem falla undir málaflokkinn. Það má nefna hér að Samtök um verndun skipa og báta á Íslandi voru stofnuð þann 6. júlí 2018. Samtökin lögðust fljótlega í dvala, en undirritaður er í óða önn að vinna að endurreisn þessara samtaka. Samtök þessi eru að mínu mati lykilatriði til að koma skipaverndarmálum á betri veg og eru mikilvæg til að vera stefnumótandi fyrir framtíð skipaverndar á Íslandi.

Ágúst Østerby

Undirritaður er menntaður húsmíðameistari í Reykjavík og síðar byggingafræðingur í Danmörku. Hefur starfað við viðgerðir og viðhald á trébátum í Danmörku frá árinu 2005 og lært þar af dönskum og sænskum bátasmiðum. Hefur síðan starfað sjálfstætt við bátaviðgerðir og endurbætur, ásamt ráðgjöf, í Danmörku, Noregi, Svíþjóð og á Íslandi. Er eigandi 13 báta í Danmörku og Svíþjóð, þar af 9 trébáta í Svíþjóð. Situr í stjórn nýstofnaðra Hollvinasamtaka Maríu Júlíu BA 36 á Ísafirði. Hef verið Minjastofnun og bæjarstjórn Vestmannaeyja innan handar nýverið með ráðgjöf og skýrslu vegna Blátinds í Vestmannaeyjum.

Undirritaður er einnig með í vinnslu kennslugögn fyrir íslendinga í viðhaldi á trébátum og á tré utanhúss almennt.